

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2016/EES/61/01		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun nr. 126/16/COL .....	1
2016/EES/61/02		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins – Ákvörðun nr. 127/16/COL .....	2
2016/EES/61/03		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins – Ákvörðun nr. 130/16/COL .....	2
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
2016/EES/61/04		Mál höfðað 3. ágúst 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi (Mál E-9/16) .....	3
2016/EES/61/05		Mál höfðað 3. ágúst 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi (Mál E-10/16) .....	4
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
2016/EES/61/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8059 – Investindustrial/Black Diamond/Polynt/Reichhold) .....	5
2016/EES/61/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8137 – HNA Group/Servair) .....	6
2016/EES/61/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8225 – GeoPost/Corfin 14/BRT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	7
2016/EES/61/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8226 – Towerbrook Capital Partners/Van Dijk Educatie Beheer) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	8

<b>2016/EES/61/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfyllingu fyrirtækja (mál M.8249 – SHV/Deli Home And Garden) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	9
<b>2016/EES/61/11</b>	Upphaf málsmeðferðar (mál M.7962 – ChemChina/Syngenta) . . . . .	10
<b>2016/EES/61/12</b>	Ríkisaðstoð – Þýskaland – málsnúmer SA.42393 (2016/C) (áður 2015/N) – Umbætur á stuðningi við samvinnslu í Þýskalandi – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins . . . . .	10
<b>2016/EES/61/13</b>	Ríkisaðstoð – Pólland – málsnúmer SA.44351 (2016/C) (áður 2016/NN) – Pólskur skattur í smásölugeiranum – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins . . . . .	11
<b>2016/EES/61/14</b>	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH) . . . . .	11
<b>2016/EES/61/15</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/33/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um lyftur og öryggisihluti fyrir lyftur (endurútgefin) ( <i>Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt samhæfingarlöggið Sambandsins</i> ) . . . . .	12

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2016/EES/61/01

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	15. júní 2016
Málsnúmer	78841
Ákvörðun	126/16/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	Á ekki við
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Breytingar á framleiðslustyrkjakerfi fyrir fréttá- og fréttatengda miðla
Lagastoð	Breytingar á reglugerð frá 25. mars 2014 um framleiðslustyrki fyrir fréttá- og fréttatengda miðla
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Stuðla að frelsi og margbreytileika fjölmiðla
Aðstoðarform	Styrkur
Fjárveiting	14,8 milljónir norskra króna
Gildistími	Til 2020
Atvinnugreinar	Fréttá- og fréttatengdir miðlar
Heiti og póstfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:	Medietilsynet Nygata 4 NO-1607 Fredrikstad

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

**Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins****2016/EES/61/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Dagsetning ákvörðunar	15. júní 2016
Málsnúmer	79001
Ákvörðun	127/16/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	Ósló
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Urbanium AS
Lagastoð	
Tegund aðstoðar	Sala eigna
Markmið	
Aðstoðarform	Engin aðstoð
Fjárveiting	
Aðstoðarhlutfall	
Gildistími	
Atvinnugreinar	
Heiti og póstfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð:	Oslo kommune Eiendoms- og byfornyðsetaten, Christian Krohgs gate 16, 0105 Oslo
Nánari upplýsingar	

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

**Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins****2016/EES/61/03**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Dagsetning ákvörðunar	17. júní 2016
Málsnúmer	79159
Ákvörðun	130/16/2016
EFTA-ríki	Ísland
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Sala á rafmagni til Thorsil
Lagastoð	Orkusamningur milli Thorsil ehf. og Landsvirkjunar
Tegund aðstoðar	Ekki ríkisaðstoð

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað 3. ágúst 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi

2016/EES/61/04

(Mál E-9/16)

Hinn 3. ágúst 2016 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum gegn Konungsríkinu Noregi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler og Auður Ýr Steinarsdóttir, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussels.

Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess að EFTA-dómstóllinn lýsi yfir:

1. Að með því að fella ekki úr gildi ákvæði eins og 32. mgr. 2. gr. norskrar reglugerðar sem varðar vörur sem bannar framleiðslu, innflutning, útflutning og sölu á neytendavörum sem innihalda tiltekinn styrk perflúroktansýru (PFOA) hafi Noregur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar sem leiða af gerðinni sem um getur í lið 12c í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn (*reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir; að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), og um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB, með áorðnum breytingum*), einkum 1. mgr. 128. gr., með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.
2. Til vara, að með því að fella ekki úr gildi ákvæði innlendra laga eins og fyrrnefnt ákvæði þegar takmörkunarferli samkvæmt VIII. bálki fyrrnefndrar gerðar sem um getur í lið 12c í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn er hafð, hafi Noregur ekki uppfyllt þær skuldbindingar sínar sem leiðir af 3. gr. EES-samningsins, lesið með hliðsjón af 1. mgr. 128. gr. gerðarinnar.
3. Með því að fella ekki úr gildi innlent ákvæði á borð við það sem að framan greinir lét Noregur hjá líða að uppfylla þær skuldbindingar sínar sem leiðir af 11. gr. EES-samningsins.
4. Konungsríkinu Noregi sé gert að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) heldur því fram að konungsríkið Noregur hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt REACH-reglugerðinni, og/eða skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum, með því að fella ekki úr gildi innlenda reglugerð sem bannar framleiðslu, innflutning, útflutning og sölu á neytendavörum sem innihalda meira en 0,001% samkvæmt vigt af efni sem almennt er vísað til með skammstöfuninni „PFOA“.
- ESA leitar eftir því að skýrt verði að þegar staðfest hefur verið að bráð hætta stafi af efni fyrir umhverfið og heilbrigði manna sé einhliða innlend reglusetning efna sem falla undir REACH einungis heimil við tiltekna þröngt skilgreindar aðstæður, sem kveðið er á um í REACH-reglugerðinni.
- Stefna þessi varðar innlenda löggjöf sem Noregur setti til þess að takmarka PFOA. Með stefnunni leitast ESA ekki á nokkurn hátt við að vefengja nauðsyn þess að reglur séu settar um efnið PFOA. Hins vegar er um að ræða þýðingarmikið málsmeðferðaratriði sem varð til þess að ESA höfðaði samningsbrotamálið sem hér um ræðir: þegar EES-ríki sker úr um að hætta stafi af efni sem fellur undir REACH fyrir heilbrigði manna eða umhverfi, er það grundvallaratriði fyrir framkvæmd kerfisins sem komið er á fót með REACH, að brugðist sé við því áhyggjuefni innan vébanda þess kerfis, í stað þess að það leiði til einhliða aðgerða.
- Stjórnvöld í Noregi greindu ESA frá því hinn 27. ágúst 2013 að sett hefði verið reglugerð um breytingu á norsku reglugerðinni um vörur með því að koma á takmörkunum á framleiðslu, innflutningi, útflutningi og sölu á neytendavörum sem innihalda PFOA og tiltekin PFOA-sölt og -estra hinn 27. maí 2013.

- ESA sendi frá sér rökstutt álit um efnið hinn 8. júlí 2015. Gerði ESA þá kröfu í samræmi við 2. mgr. 31. gr. samnings um eftirlitsstofnun og dómstól að Noregur gerði þær ráðstafanir sem nauðsynlegar væru til þess að hlíta álitinu innan tveggja mánaða frá tilkynningu um það, eða eigi síðar en 8. september 2015.
- Noregur svaraði rökstudda álitinu með bréfi dagsettu 16. október 2015 og hélt fast við afstöðu sína og lagði fram frekari athugasemdir. Þar sem Noregur felldi ekki úr gildi þau innlendu ákvæði sem um ræðir innan frestsins sem tilgreindur var í rökstudda álitinu ákvað ESA að fara með málið fyrir EFTA-dómstólinn, samkvæmt 2. mgr. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

### Mál höfðað 3. ágúst 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi

2016/EES/61/05

#### (Mál E-10/16)

Hinn 3. ágúst 2016 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum gegn Íslandi; í fyrirsvári eru Carsten Zatschler, Øyvind Bø og Marlene Lie Hakkebo, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussels.

Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess að EFTA-dómstóllinn:

1. Lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 6a og 6e í VIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB frá 15. maí 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði*), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun I við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem taka 13. gr. gerðarinnar upp í íslenskan rétt innan tilskilins tíma, eða hvað sem öðru líður, láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um það.
2. Geri Íslandi að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Í stefnunni kemur fram að Ísland hafi vanefnt að hlíta, fyrir 13. mars 2016, rökstuddu álit Eftirlitsstofnunar EFTA frá 13. janúar 2016 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB frá 15. maí 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði*, sem um getur í lið 6a og 6e í VIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun I við EES-samninginn („gerðin“).
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/61/06

(mál M.8059 – Investindustrial/Black Diamond/Polynt/Reichhold)

1. Framkvæmdastjórninni barst hinn 26. október 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sjóðir tengdir Investindustrial í gegnum lúxemborgíska fyrirtækið Global Chemicals S.à.r.l („Investindustrial“), og sjóðir tengdir bandaríska fyrirtækinu Black Diamond Capital Management L.L.C. („Black Diamond“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í ítalska fyrirtækinu Polynt Group („Polynt“) og bandaríska fyrirtækinu Reichhold Group („Reichhold“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Polynt: Þróun framleiðsla og dreifing á sérnotaiðefnum og yfirborðsmeðferðar-íðefnum. Einkum er Polynt virkt í framleiðslu á ómettuðu pólýesterresíni, milliíð-efnum (anhýdríðum), tengdum hrávörum (mýkiefnum), og sérnotaefnum (hitaherðandi efnasamböndum).
  - Reichhold: Framleiðsla og sala á resinum sem notuð eru í samsett efni og húðunarefni.
  - Investindustrial : Eignarhaldsfélag sem kaupir og stýrir hlutafjáreignum í öðrum fyrirtækjum.
  - Black Diamond : Ráðgjafarfyrirtæki í fjárfestingum sem einkum leggur áherslu á fjögur svið fjárfestinga: i) fjárfesting og stjórnun aðþrengdra fyrirtækja/framtakssjóðir, ii) vognarsjóðir, iii) millilagssjóðir og lánarammar, og iv) aðrir sérstakir sjóðir.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 409, 5.11.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8059 og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8137 – HNA Group/Servair)**

2016/EES/61/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem kínverska fyrirtækið HNA Group Co., Ltd. („HNA Group“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu La Compagnie d'Exploitation des Services Auxiliaires Aériens S.A. („Servair“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - HNA Group: grunneiningar á borð við flug, fasteignir, fjármálaþjónustu, ferðaþjónustu og vörustjórnun. Þótt aðaláhersla HNA Group sé á Kína og Asíu-Kyrrahafssvæðið er fyrirtækið með starfsemi að einhverju marki á EES-svæðinu (einkum flugvélaafgreiðslu í gegnum Swissport og starfsemi tengda farþegaflutningum í lofti) á takmörkuðum fjölda flugvalla, auk þjónustu um borð í flugvélum (veitingaþjónusta og smásölu á varningi) í gegnum Gategroup Holding Ltd. sem fyrirtækið keypti nýverið og er staðsett í Sviss.
  - Servair: þjónusta um borð í flugvélum (veitingaþjónusta og smásala á varningi) og að einhverju marki, flugafgreiðsluþjónusta.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 412, 9.11.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M. og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8225 – GeoPost/Corfin 14/BRT)**

2016/EES/61/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. október 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið GeoPost S.A. („GeoPost“), sem er hluti af La Poste samsteypunni og ítalska fyrirtækið Corfin 14 S.r.l. („Corfin 14“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í ítalska fyrirtækinu BRT S.p.A. („BRT“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - GeoPost: þjónusta í tengslum við pakkasendingar og fraktafgreiðslu.
  - Corfin 14: eignarhaldsfélag sem ekki er með starfsemi af nokkru tagi.
  - BRT: þjónusta í tengslum við pakkasendingar og fraktafgreiðslu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 411, 8.11.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8225 – GeoPost/Corfin 14/BRT og eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2016/EES/61/09****(mál M.8226 – Towerbrook Capital Partners/Van Dijk Educatie Beheer)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið TowerBrook Capital Partners („TowerBrook“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Van Dijk Educatie Beheer B.V. („Van Dijk“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - TowerBrook: framtakssjóður sem starfar á heimsvísu og fjárfestir í vörum og þjónustu til heilsuverndar, fjármálaþjónustu, neytendavörum, fjarskiptum, fjölmiðlum, iðefnum, þekkingarþjónustu og völdum þáttum iðnaðarstarfsemi.
  - Van Dijk: sala og leiga á kennslubókum og öðrum úrræðum í kennslu til framhaldsskóla og nemenda í starfsnámi, sem og æðri menntastofnana sem annast fag- og háskólamenntun. Fyrirtækið selur einnig fagtengdar bækur og bækur um stjórnun til ríkisstofnana og býður ríkisstofnunum og einkafyrirtæki jafnframt upp á áskriftarþjónustu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 413, 10.11.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8226 – Towerbrook Capital Partners/Van Dijk Educatie Beheer og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8249 – SHV/Deli Home And Garden)**

2016/EES/61/10

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. október 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið SHV Holdings („SHV“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu N.V. Deli Home and Garden („Deli“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SHV: sala og dreifing á fljótandi jarðolíugasi, leit og vinnsla á olfu og gasi, sjálfsafgreiðsluheildsala, þungaflutningar, iðnaðarþjónusta, dýrafæða og fiskifóður og starfsemi tengd óskráðum eignum.
  - Deli: sala á efni til bygginga- og garðframkvæmda til keðja sem selja vörur til tómstundavinnu og garðvörur um gervalla Evrópu. Deli á einnig B2B-samskipti við endurseljendur, s.s. byggingarvöruseljendur, endurseljendur á vörum til landslagsmótunar og sérverslanir.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 412, 9.11.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.8249 – SHV/Deli Home And Garden og eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Upphaf málsmeðferðar**  
**(Mál M.7962 – ChemChina/Syngenta)**

2016/EES/61/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. október 2016 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg innri markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinni tilkynntu samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Framkvæmdastjórnin hvetur þriðju aðila sem eiga hagsmuna að gæta að senda athugasemdir sem þeir kunna að hafa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Svo unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 409, 5.11.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 22964301/22967244) eða í pósti, með tilvísuninni M.7962 – ChemChina/Syngenta og eftirfarandi póstarsítnum:

European Commission  
Directorate-General for Competition,  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

**Ríkisaðstoð – Þýskaland**

2016/EES/61/12

**Málsnúmer SA.42393 (2016/C) (áður 2015/N) – Umbætur á stuðningi við  
samvinnslu raf- og varmaorku í Þýskalandi**

**Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um  
starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Þýskalandi, með bréfi dagsettu 24. október 2016, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 406, 4.11.2016, bls. 21). Athugasemdir skal senda með eftirfarandi póstarsítnum:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Registry  
B-1049 Brussels  
Belgium  
  
Bréfasími: + 32 2 296 12 42  
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdum þessum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

## Ríkisaðstoð – Pólland

2016/EES/61/13

## Málsnúmer SA.44351 (2016/C) (áður 2016/NN) – Pólskur skattur í smásölugeiranum

## Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Póllandi, með bréfi dagsettu 19. september 2016, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 406, 4.11.2016, bls. 76). Athugasemdir skal senda með eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Registry  
B-1049 Brussels  
Belgium  
  
Bréfasími: + 32 2 296 12 42  
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Póllandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)**

2016/EES/61/14

(birt samkvæmt 9. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006) <sup>(1)</sup>

Ákvörðun sem varðar efnið blýsúlfókrómatgult (EC No 215-693-7, CAS No 1344-37-2) hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins C 337, 14.9.2016, bls. 3.

Ákvörðunina er að finna á eftirfarandi slóð á vef framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins:

[http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/reach/authorisation/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/reach/authorisation/index_en.htm).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar 2016/EES/61/15  
Evrópuþingsins og ráðsins 2014/33/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga  
aðildarríkjanna um lyftur og öryggis hluti fyrir lyftur (endurútfæringu)**

*(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt samhæfingarlöggjöf Sambandsins)*

Evrópsk staðla-samtök (¹)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjóð. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi  Athugasemd 1
CEN	EN 81-20:2014 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Lyftur til fólks- og vöruflutninga – Hluti 20: Fólkslyftur og fólks- og vörulyftur	20.4.2016	EN 81-1:1998+A3:2009 EN 81-2:1998+A3:2009  Athugasemd 2.1	31.8.2017
CEN	EN 81-21:2009+A1:2012 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Lyftur til fólks- og vöruflutninga – Hluti 21: Nýjar fólkslyftur og fólks- og vörulyftur í eldri byggingar	20.4.2016		
CEN	EN 81-22:2014 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Lyftur til fólks- og vöruflutninga – Hluti 22: Rafmagnslyftur á hallandi brautum	20.4.2016		
CEN	EN 81-28:2003 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Lyftur til fólks- og vöruflutninga – 28. hluti: Fjartengdir neyðarhnappar í farþegalyftum og farþega- og vörulyftum	20.4.2016		
CEN	EN 81-50:2014 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Skoðun og prófanir – Hluti 50: Hönnunarreglur, útreikningar, skoðun og prófanir á lyftuhlutum	20.4.2016	EN 81-1:1998+A3:2009 EN 81-2:1998+A3:2009  Athugasemd 2.1	31.8.2017
CEN	EN 81-58:2003 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Skoðun og prófanir – 58. hluti: Eldþolsprófanir á lyftuhurðum	20.4.2016		
CEN	EN 81-70:2003 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Sérstök notkun á farþegalyftum og farþega- og vörulyftum – 70. hluti: Aðgengi fólks, þ.m.t. fatlaðs fólks, að lyftum	20.4.2016		
	EN 81-70:2003/A1:2004	20.4.2016	Athugasemd 3	
CEN	EN 81-71:2005+A1:2006 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Sérstök notkun á farþegalyftum og farþega- og vörulyftum – 71. hluti: Lyftur sem eru varðar gegn skemmdarverkum	20.4.2016		
CEN	EN 81-72:2015 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Sérstök notkun á farþegalyftum og farþega- og vörulyftum – Hluti 72: Brunavarnarlyftur	20.4.2016	EN 81-72:2003  Athugasemd 2.1	31.8.2017

Evrópsk staðla-samtök <sup>(1)</sup>	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjál)	Fyrsti birtingardagur í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 81-73:2016 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Sérstök notkun á farþegalyftum og farþega- og vörulyftum – Hluti 73: Hegðun lyfta ef til eldsvoða kemur	12.8.2016	EN 81-73:2005  Athugasemd 2.1	31.8.2018
CEN	EN 81-77:2013 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Sérstök notkun á farþegalyftum og farþega- og vörulyftum – Hluti 77: Lyftur til nota þar sem hætt er við jarðskjálftavirkni	20.4.2016		
CEN	EN 12016:2013 Rafsegulsviðssamhæfi – Vöruhópsstaðall fyrir lyftur, rennistiga og færíbönd til fólksflutninga – Önæmi	20.4.2016		
CEN	EN 12385-3:2004+A1:2008 Stálvírar – Öryggi – 3. hluti: Upplýsingar um notkun og viðhald	20.4.2016		
CEN	EN 12385-5:2002 Stálvírar – Öryggi – 5. hluti: Margþátta vírar í lyftur	20.4.2016		
	EN 12385-5:2002/AC:2005	20.4.2016		
CEN	EN 13015:2001+A1:2008 Viðhald á lyftum og rennistigum – Reglur um viðhaldsleiðbeiningar	20.4.2016		
CEN	EN 13411-7:2006+A1:2008 Augu í stálvíra – Öryggi – Hluti 7: Samhverf fleygtengi	20.4.2016		

<sup>(1)</sup> CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)  
 CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)  
 ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

- Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.
- Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar.
- Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar.
- Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar gildir óbreytt að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.
- Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi, er því EN CCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðeigandi Sambandslöggjafar.

*Athugið:*

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja, en skrá yfir þær birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* samkvæmt 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 <sup>(1)</sup>.
- Evrópsk staðlasamtök gefa staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA-skrifstofan ábyrgjast ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, séu rétt.
- Vísanir til leiðréttinga „.../AC:YYYY“ eru eingöngu birtar í upplýsingaskyni. Með leiðréttingu eru ásláttarvillur, málvillur eða sambærilegar villur fjarlægðar úr texta staðals og kann hún að tengjast útgáfu staðals, sem evrópsk staðlasamtök hafa samþykkt, á einu eða fleiri tungumálum (ensku, frönsku og/eða þýsku).
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur uppfærslu hennar með höndum.
- Nánari upplýsingar um samhæfða staðla og aðra evrópska staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð:  
[http://ec.europa.eu/growth/single-market/european-standards/harmonised-standards/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/growth/single-market/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm)

<sup>(1)</sup> Stj. tíð. ESB C 338, 27.9.2014, bls. 31.